

**Ed.**

**540. Nefndarálit**

[91. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er flutt í neðri deild og var samþykkt þar ágreiningslaust. Nefndin hefur haft frumv. til athugunar á nokkrum fundum og kynnt sér málið eftir föngum. Lítil ágreiningur er um, að rétt sé að breyta 36. og 37. gr. búfjárræktarlaganna á þá leið í aðalatriðum, sem frumv. gerir ráð fyrir í 1. og 2. gr. En AB og PÐ telja varhugavert að breyta 39. gr. á þann veg, sem lagt er til í 3. gr. frumvarpsins. Benda þeir á, að lög um búfjárrækt séu í endurskoðun, og telja ótímabært að breyta ákvæðum 39. gr., eins og sakir standa. Munu þeir því skila séráliti.

Meiri hluti n. telur hins vegar, að rétt muni vera að breyta lögnum til samræmis við samkomulag, er fjallskilastjórar á svæðinu milli Blöndu og Héraðsvatna og stjórn Hrossaræktarfélagi Norðurlands gerðu með sér á fundi í Húnaveri 12. júní 1963. En samkomulag það gekk mjög í sömu átt og 3. gr. þessa frumv.

Vitað er nú, að frumv. til nýrra búfjárræktarlaga verður hér eftir ekki afgreitt á þessu þingi. En breytingartillögur þær, sem hér um ræðir við búfjárræktarlögin, eru fluttar til að leysa úr óþægilegum ágreiningi um meðferð stóðhesta í Húnavatns-sýslu og Skagafirði og snerta þau héruð sérstaklega. Þar virðist og samstaða fyrir hendi um, að 39. gr. þurfi breytinga við, sem ekki megi bíða eftir afgreiðslu nýrra búfjárræktarlaga, sem ekki er enn vitað, hvenær verður.

Að þessu öllu athuguðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1964.

Bjartmar Guðmundsson,  
form., frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson,  
fundaskr.

Jón Þorsteinsson.